



## Stafræn borgaravitund – kennsluhugmyndir

Uppfært janúar 2017

Hér eru nokkrar hugmyndir og kveikjur um hvernig hægt er að vinna með stafræna borgaravitund með nemendum. Athugið að þetta eru hugmyndir en best er að hver kennari útfæri þær þannig að þær henti honum sjálfum og nemendum. Einnig er hægt að útfæra þær sem heimavinnu nemenda og/eða foreldra. Í öllum köflunum er vísað í fréttir eða annað efni sem tengist daglegu lífi okkar allra.

Þessa spurningu er gott að hafa stöðugt bak við eyrað:

Hvernig myndir þú vinna með þessa frétt eða viðfangsefni með þínum nemendum?

### 1. Vefur um stafræna borgaravitund

Kennari sýnir nemendum lauslega vefinn um [stafræna borgaravitund](#) sem er á íslensku (þess má geta að SAFT ætlar að taka þenna vef upp á sína arma).

Stafræna borgaravitundin skiptist í níu hluta og því er tilvalið að skipta nemendum í níu hópa á þessa hluta og hver hópur útbýr stutta kynningu (glærur, myndir, myndband, leikþátt...) um sinn þátt sem hann svo kynnir fyrir hinum hópunum. Leggið áherslu á að nemendur dragi fram það sem þeim finnst markvert í efninu sem þeir skoðuðu og hvernig það tengist daglegu lífi. Hóparnir kynna sitt efni fyrir hinum og gott er að hafa smá umræður um hvern kafla.

Athugið að kaflarnir níu eru mis efnismiklir þegar nemendum er skipt niður í hópa.

### 2. Myndir

Með almennri útbreiðslu snjalltækja þá hafa myndatökur og myndbirtingar aukist til muna. Það verður til þess að myndir birtast af einstaklingum í óþökk þeirra eða særa blygðunarkennd þeirra sem á horfa.

Hvaða reglur gilda um myndbirtingar? Vissir þú að ef þú ætlar að setja myndir af unglíngnum þínum á Facebook þá þarftu að spyrja hann um leyfi?

[Hér eru viðmið](#) frá Heimili og Skóla varðandi birtingu upplýsinga og myndefnis af börnum.

[Sjálfspróf frá SAFT](#) um myndir á netinu fyrir nemendur.

[Hér er frétt](#) um hvað kennarar geta verið varnarlausir gagnvart myndatökum nemenda. Hvað getur þú sem kennari gert í þessum aðstæðum?

[Hér er frétt](#) um banaslys. Í henni stendur m.a.: „Myndirnar af slysstað voru fjarlægðar af Facebook eftir að í ljós kom að um banaslys var að ræða.“

Af hverju voru myndirnar fjarlægðar? Sjáum við ekki oft í fréttum myndir af dónu fólki?

[Myndin af þriggja ára](#) sýrlenska drengnum sem drukknaði við strendur Grikklands fór víða.

[Hér er önnur frétt](#) um umdeildar myndbirtingar.

Gilda önnur lög málmál um myndbirtingar af útlendingum?





[Júlía Birgisdóttir](#) varð fyrir því að maður sem hún átti í sambandi við fyrir nokkrum árum tók upp myndband af henni án hennar vitneskju þegar þau sváfu saman og setti á netið. Hún er ekki nafngreind á myndbandinu, sem hún segir nú að finna á mörg hundruð erlendum klámsíðum. Þegar myndir eru einu sinni komnar í dreifingu er ekki hægt að loka á þær. Það er alltaf einhver sem á afrit sem setur þær á nýja vefsíðu þegar einni er lokað.

[Mánuðum saman hefur](#) 14 ára stúlka reynt að fá fólk til að hætta að deila nektarmynd af henni. Myndin af henni var tekin að henni óafvitandi og sýnir hún stúlkuna aðeins íklædda nærbuxum í hennar eigin herbergi. Stúlkan vissi ekki einu sinni að myndin væri til fyrr en hún fékk hana senda í tölvupósti.

[Meira að segja](#) er ekki alltaf hægt að treysta æskuvinum sem geta tekið upp á því að selja myndir af þér eða börnunum þínum ef þú ert fræg persóna.

[Eftirlitsmyndavélar eru víða](#) og ekki allar löglegar. Getur maður eitthvað gert í því?

Fleiri verkefni um myndir er í kafla 9 um Höfundarrétt hér fyrir neðan.

### 3. Reglur

Skólasamfélagið þarf að ræða hvaða reglur eiga að gilda um spjaldtölvur í skólastarfi og heima. Ræðið við nemendur um hvaða reglur eigi að gilda um spjaldtölvur og snjalltæki, bæði í skóla og heima.

- Gilda almennar skólareglur og eru þær kannski nóg?
- Má taka spjaldtölvur af nemendum?
  - Í skóla
  - Heima
  - Í hvaða tilvikum þarf þess?
- Hvað með snjalltæki í eigu nemenda?

[Umboðsmaður barna skrifar](#) um snjalltækjabönn og hvort og þá í hvaða tilvikum það er heimilt að taka tækin af nemendum.

[Kennarar mega ekki](#) taka af nemendum eignir þeirra í skólastofum nema það stofni öryggi nemenda í hættu segir umboðsmaður barna.

Eftir að hafa rætt þessi mál við nemendur er gott að nemendur sjálfir semji bekkjarsáttmála (reglur) undir handleiðslu kennara. Ef nemendur sjálfir koma að samningu reglnanna þá er mun líklegra að þeir haldi þær. Einnig að upplýsa foreldra um þetta ferli og leyfa nemendum að ræða þessi mál heima.





#### 4. Foreldrar og börn

Börn í skóla eru ekki bara nemendur heldur líka börn foreldra sinna fyrir utan skóla. Börnin [verja meiri tíma](#) í hinum stafræna heimi heldur en með foreldrum sínum. Hlutverk skólans er að styðja foreldra í þessum málum þar sem þeir hafa oft en ekki litla þekkingu á þessum málum.

- eru foreldrar í stakk búinir að kenna börnum sínum stafræna borgaravitund?
- Veit almenningur og foreldrar hvað stafræn borgaravitund er og að það sé nauðsynlegt að kenna börnum hana?
- eru foreldrar í stakk búinir að takast á og kenna börnum sínum ábyrga notkun tækja sem skólinn sendir heim (sbr. Kópavogur)? Þekkja þeir reglurnar?
- Hvað með samstarf heimili og skóla í þessu sambandi?

Á [vefsíðu Heimilis og skóla](#) er hafsjór af upplýsingum um líf barna í stafrænum heimi. Kennari og nemendur geta rennt yfir bæklinginn [Börn og miðlanotkun](#) og valið þar verkefni (spurningar, umræður) sem þau gera með foreldrum sínum. Foreldrar geta t.d. spurt unglínginn sinn (eða öfugt) einfaldra spurninga um netnotkun s.s.

- Hvernig á að hegða sér á netinu?
- Gilda aðrar reglur á netinu en í öðrum samskiptum?
- Hvernig veistu hvort þú getir treyst vini á netinu?
- Hvað áttu að gera ef þú lendir í einelti á netinu?

Hugleiðingar fyrir foreldra:

- Hve mikið fylgist þú með netnotkun barns þíns?
- Þekkir þú leiðbeiningarnar/reglur skólans?
- Hefur þú áhyggjur af netnotkun, t.d. vegna tímaeyðslu eða af því að farið sé út fyrir siðferðismörk samskipta?
- Hefur þú tillögu um hvernig hægt sé að styrkja jákvæða netnotkun í bekknum?

Hvað geta kennarar og skólar gert til að styðja við foreldra í þessum málum?



## 5. Samfélagsmiðlar og netnotkun

Meirihluti íslenskra barna og unglunga skoðar samskiptasíður daglega eða næstum daglega. Eftir því sem börnin eru eldri því oftast skoða þau samskiptasíður en rétt rúm 20% barna í 4. bekk skoðuðu samskiptasíður daglega eða næstum daglega á meðan sambærilegt hlutfall barna í 9. og 10. bekk var um 90%. ([Skv. könnun SAFT 2013](#))

[Upplýsingar um börn í samfélagsmiðlum](#). Vissir þú að foreldri þarf að fá leyfi hjá unglingnum sínum til að birta myndir af honum á Facebook?

Hér eru nokkrar spurningar um netnotkun sem hægt er að nota sem kveikjur að umræðum/verkefnum um samfélagsmiðla. Upplýsingarnar fengnar frá [könnunum SAFT](#).

### 1. Minnihluti íslenskra barna og unglunga nota netið nokkrum sinnum á dag.

Svar: Rangt.

Tæplega 67% íslenskra barna og unglunga sögðust nota netið nokkrum sinnum á dag og 14% einu sinni á dag. Þannig má segja að 81% íslenskra barna og unglunga í 4.- 10. bekk noti netið a.m.k. einu sinni á dag.

### 2. Meirihluti íslenskra barna og unglunga skoðar samskiptasíður daglega?

Svar: Rétt.

Eftir því sem börnin eru eldri því oftast skoða þau samskiptasíður en rétt rúm 20% barna í 4. bekk skoðuðu samskiptasíður daglega eða næstum daglega á meðan sambærilegt hlutfall barna í 9. og 10. bekk var um 90%.

### 3. Fátítt er að börn leiti að nýjum vinum á netinu.

Svar: Rangt.

Nokkuð algengt var að börnin leituðu að nýjum vinum á netinu en ríflega helmingur barnanna eða 52,7%, hafði einhvern tímann á sl. 12 mánuðum leitað að nýjum vinum á netinu.

### 4. Allt að 10% barna eldri en tólf ára hafa sent mynd af sér í ögrandi stellingum eða hálfnöktum til einhvers á netinu.

Svar: Rangt.

Einungis 2% barna í 6.- 10. bekk hafa sent mynd af sér í ögrandi stellingum eða hálfnöktum til einhvers ákveðins viðtakanda á netinu svöruðu.

### 5. Nemandi sendi smáskilaboð í tíma en kennarinn tók símann. Kennarinn las síðan mörg af smáskilaboðum nemandans til að komast að því hver hafði verið að trufla kennslustundina. Þetta má kennari ekki gera.

Svar: Rétt.

Almennt má ekki taka snjalltæki í eigu nemanda eða leita á honum án samþykkis hans, nema það sé talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að nemandi skaði sig eða aðra (t.d. vegna eineltis eða óviðeigandi myndatöku).

### 6. Börn yngri en 13 ára mega vera á Facebook með leyfi foreldra.

Svar: Rangt.

Þrátt fyrir aldurstakmark á Facebook sé 13 ára eru tæplega þriðjungur nemenda í 4. bekk með Facebook síðu.





## 7. Netnotkun nemenda í skóla er örugg þar sem allt óæskilegt efni er síð frá með netsíum skóla.

Svar: Rangt.

Í fyrsta lagi þá geta netsíur aldrei síð allt óæskilegt efni og í öðru lagi þá geta nemendur komist fram hjá netsíum skóla með því að nota eigið net (3G 4G).

[Hér er mjög góð síða](#) (á ensku) með upplýsingum fyrir nemendur, foreldra og kennara varðandi samfélagsmiðla. Í Bandaríkjunum gilda svokölluð [COPPA](#) lög sem eiga að vernda börn yngri en 13 ára fyrir óæskilegu efni á netinu. Þess vegna eru samfélagsmiðlar eins og Facebook, Twitter, Snapchat, Instagram og fleiri með 13 ára aldurstakmark.

Nú eru margir nemendur yngri en 13 ára á samfélagsmiðlum. Hvernig á skólinn að taka á því?

- Eru til samfélagsmiðlar sem nemendur (unglingar) ættu ekki að vera á?
- Er munur að tjá sig á netinu eða augliti til auglitis?
- Er mikilvægt að kenna nemendum um stafræn fótspor (digital footprints)?

Samkvæmt reglum Facebook þá mega notendur ekki birta myndir af nöktu fólki. Af þeirri ástæðu var lokað á [birtingu sögulegrar ljósmyndar](#) úr Víetnam stríðinu af nakinni stúlku sem slapp lifandi frá Napalm sprengju. Á að gera undantekningu í þessu tilviki? Og ef svo er, hvar eru mörkin og hver setur þau?

[Facebook í vinnunni](#), já eða nei? Er þetta vandamál meðal starfsmanna í grunnskólum? Ef svo er hvernig á að leysa það? (Ef banna á Facebook, verður þá ekki líka að banna Twitter, Instagram, visir.is,....?)

Er hægt að banna svona hluti yfirleitt? [Nói Kristinsson](#) vil meina að það sé ekki hægt.

[Sameinuðu þjóðirnar](#) segja það brot á mannréttindum að hamla aðgengi að internetinu. Er nemendum í þínum skóla mismunað hvað þetta varðar?





## 6. Tælingar og svik

Við fáum reglulega af því fréttir að óprútnir aðilar séu að reyna að tæla börn. Þetta er ekkert nýtt en síðustu árin hafa níðingarnir notað samfélagsmiðla til að tæla börn. Coby Persin er þekkt youtube stjarna sem gerir ýmsar samfélagslegar tilraunir sem hann tekur upp á myndbönd og setur á youtube. [Hann hefur gert tilraunir](#) með að tæla börn og ungmenni til að fara inn í hús hjá ókunnugum. Stelpuútgáfan [er hér](#) og strákaútgáfan [er hér](#).

- Er það réttlætanlegt að tæla börn með þessum hætti, þ.e. í forvarnarskyni?
- Gætu íslensk börn og unglingar látið plata sig svona?
- Ef svo er, hvernig er hægt að koma í veg fyrir það?
- Á skólinn að gera það eða foreldrar eða á það að vera samvinnuverkefni heimilis og skóla?

Hver kannast ekki við að fá tölvupósta sem lofa vinningum, arfi eða tilkynningu um að eitthvað sé bilað og maður þurfi bara að smella á [ákveðna slóð](#) til að laga það. Yfirleitt er auðvelt að sjá að um gabb er að ræða þar sem málfarið er [ekki eðlilegt](#) enda eru svikararnir oftast erlendir og nota Google translate með misjöfnum árangri.

[Íslendingar hafa](#) lent í því að myndum af þeim eru notaðar í ólöglegum tilgangi.

Hvað er hægt að gera til að verjast þessu og minnka líkurnar á því að maður verði plataður?

Hvað geta kennarar og skólar gert til að gera nemendum grein fyrir þessari hættu?

Á síðunni [Netöryggi.is](#) eru góðar ábendingar hvernig varast má svona svindli.

## 7. Læsi

Maður rekst á ýmislegt á netinu sem maður veit ekki hvort að er satt eða ekki og oft er sannleikurinn lyginni líkastur. [Hér er frétt](#) um mann sem kynnist konu á netinu sem biður hann svo að senda sér peninga. Er hún sönn eða ritsmíð blaðamanns? Ef hún er sönn, hvernig stendur á því að fullorðinn einstaklingur lætur plata sig svona? Gæti þetta gerst á Íslandi?

Margar fréttamyndir eru ekki teknar af blaðamönnum heldur af fólki sem er á staðnum þar sem atburðurinn gerist. Það verður til þess að ekki eru allar fréttamyndir sannar eins og [þessi frétt sýnir](#).

Hvað með upplýsingar á netinu yfirleitt? Bloggsíður og nemendaverkefni eru yfirleitt ekki góðar heimildir þegar nemendur eru í verkefnavinnu og heimildaleit. Hvernig getur þú sem kennari leiðbeint nemendum í þessum málum?

[Ágætar upplýsingar](#) um blekkingar á vef SAFT.





## 8. Siðferði

[„Jailbreaking“ nefnist](#) það þegar átt er við hugbúnað tækis með ólöglegum hætti. Við heyrum stundum sögur af því þegar fólk kaupir ódýra iPhone í USA sem eru læstir á ákveðið símafyrirtæki. Það fær svo einhvern til að „krakka“ hann, þ.e. að aflæsa símanum og montar sig svo af því að hafa komist fram hjá læsingunum. Er þetta í lagi?

Ummæli við fréttir á netmiðlum eru stundum æði skrautleg. Fólk hikar ekki við að vera mjög orðljótt þrátt fyrir að skrifa undir nafni. Er þetta í lagi? Er hægt að breyta þessu og þá hvernig?

[Facebook og fleiri](#) hafa skuldbundið sig til að stöðva hatursumræðu á netinu.

[Hér er biðlað](#) til fólks að tístá ekki um hvernig sjónvarpsþáttur endar því það er fólk sem á eftir að horfa á hann.

[Er tæknin að](#) ræna okkur stað og stund eða hjálpar okkur til að varðveita góðar stundir?

[Hér er frétt](#) um fótoltamenn sem hættir eru að tala saman. Sitja bara með heyrnartól í sínum eigin heimi. Er það kannski besti andlegi undirbúningurinn fyrir leiki?

Langar þig í nýjan iPhone? Ekkert mál, bara læka og deila.....eða hvað? [Hér er nýleg frétt](#) um fasteignasala sem ætlar að gefa iPhone. Er þetta einsdæmi eða er mikið um svona blekkingar á Facebook?

Hvað gengur þeim til sem bjuggu þetta til? Skemmtun, hagnaður eða eitthvað annað?



## 9. Höfundarréttur

Allir verða að virða höfundarrétt á netinu sem annars staðar. Það er t.d. ólöglegt að gúggla einhverja mynd og nota hana á sína vefsíðu án leyfis. Margar myndir á netinu eru varðar með höfundarleyfi. Hægt er að finna myndir sem má nota að vild t.d. á [flickr](#), [Photos For Class](#) eða [Wikimedia Commons](#).

Einnig er hægt að leita að myndum með frjálsri endurnotkun á Google: Skrifa inn leitarorð – velja Myndir – Leitarverkfæri – Notkunarréttindi – Merkt til endurnotkunar.

Nánari upplýsingar um Creative Commons á [íslensku hér](#).

Hér eru nokkrar spurningar um höfundarrétt sem kveikja að umræðum/verkefnum um höfundarrétt. [SAFT 2013](#)

### 1. Börn vita almennt ekki að það megi ekki hlaða niður öllu því sem það rekst á netinu.

Svar: Rangt.

Tæplega 75% sögðust hafa heyrt að þau mættu ekki hlaða niður ólöglegu efni á netinu.

### 2. Nemendur mega nota þær myndir sem þeir finna á netinu að vild svo framarlega að þær séu notaðar í skólaverkefni.

Svar: Rangt.

Margar myndir á netinu eru varðar með höfundarleyfi. Hægt er að finna myndir til að nota í skólastarfi t.d. á flickr, Photos For Class eða Wikimedia Commons.

### 3. Kennari notar mikið myndbönd í sinni kennslu og tekur upp myndskaið af nemendum í skólastarfi og nemendur taka einnig upp myndskaið t.d. af leiknum atriðum sem þau hafa gert. Þessum myndskaiðum er svo hlaðið upp á youtube. Kennarinn þarf ekki að fá samþykki foreldra þar sem þetta er skólaverkefni.

Svar: Rangt.

Alla jafna mega myndir sem teknar eru á viðburðum vera á opnum svæðum á meðan myndir af einstökum og jafnvel nafngreindum börnum eiga betur heima á læstum svæðum. Góð regla er að fá upplýst samþykki foreldra fyrir myndatöku og myndbirtingu og að þeir geti, t.d. við innritun/skráningu í skóla- og frístundastarf, beðið um að engar myndir birtist af sínu barni.

### 4. Það má nota höfundarréttvarið efni ef maður bætir frumsömdu efni við það.

Svar: Rangt.

Þó svo að þú hafir bætt efni eftir þig við efni einhvers annars getur verið að ekki sé um sanngjarna notkun að ræða, sérstaklega ef efnið sem þú býrð til inniheldur ekki ný orð, nýja skilgreiningu eða nýjan boðskap miðað við upprunalega efnið.

### 5. Það er í lagi að nota verk annarra svo framarlega sem maður vísar í eiganda verksins.

Svar: Rangt.

Ef vísað er til eiganda höfundarréttarvarins verks er ekki sjálfkrafa um sanngjarna notkun að ræða ef verkið er óbreytt. Setningar eins og „öll réttindi tilheyra höfundi“ og „ég er ekki eigandi“ þýða hvorki að rétt notkun eigi við um notkun þína á efninu né að þú hafir leyfi frá handhafa höfundarréttar.







Fólk hefur mismunandi sýn á hvað höfundarréttur er. Hvernig eiga skólar að nálgast þessa heitu kartöflu?

- Ef nemendur deila efni sem er óviðeigandi, hvernig á skólinn að bregðast við?
- Hvaða upplýsingum er rétt að deila á netinu og hvaða ekki? Skipta miðlarnir máli?
- Hvernig kennum við nemendum að meta gildi upplýsinga á netinu (miðlalæsi)? Hvað eru góðar upplýsingar?

Höfundarréttarmál koma ítrekað upp og sitt sýnist hverjum. „Ég má taka það af því að ég get það“ er viðhorf sem heyrir oft. Píratar hafa verið gagnrýndir fyrir að taka ekki nógu skýra afstöðu í þessu máli. [Hér skrifar](#) Egill Helgason um vandræðalega afstöðu Pírata gagnvart hugverkastuldi. Svo lenda Píratar sjálfir í því að [mynd af Birgittu Jónsdóttur](#) er notuð án leyfis.

[Vissir þú að](#) til skamms tíma þá var afmælisöngurinn „Hann/hún á afmæli í dag“ undir höfundarrétti? Eru fleiri lög sem almenningur notar reglulega sem eru varin höfundarrétti?

Það er hægt að [selja tónlist á netinu](#) eins og Adele hefur sýnt og sannað. Milljónir manna vilja borga fyrir sína tónlist. Þetta gildir um heimsfræga söngkonu en hvað með hina sem eru að stíga sín fyrstu spor? Hvað eiga þeir að gera?

[Hér er rithöfundur](#) sem stal hugverkum annarra en er hættur því og hvetur aðra að hætta því líka.

Það þarf að upplýsa almenning betur að það telst þjófnaður þegar fólk deilir höfundarvörðu efni og við kennarar verðum að uppfræða okkar nemendur. Þessi mál eru ekki einföld og ekki til eitt rétt svar en við verðum að reyna að finna lausn þannig að listamenn fái greitt fyrir verk sín með réttmætum hætti. Þeir verða að geta lifað af sinni vinnu eins og aðrir.

Ítarefni:

<http://stefvefur.eplica.is/media/vefmyndir/stef/Spurninga...pdf>

[https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dslensk\\_h%C3%B6fundal%C3%B6g](https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dslensk_h%C3%B6fundal%C3%B6g)

<http://www.ruv.is//frett/vilja-aukid-samtal-um-hofundarrett>

<http://www.visir.is/hugsanavilla-piratans/article/2015150929539>

<http://playingwithmedia.com/pages/images/>





## 10. Öryggi

Notendanöfn og lykilorð fylgja hinum stafræna heimi og lykilorðin þurfa að vera örugg. Samt er vinsælustu lykilorðin „password“ og „1234“. Meira að segja sjálfur [eigandi Facebook](#) er ekki með gott lykilorð.

Fólk notar einföld lykilorð því það er gott að muna þau. Hvernig getur þú þjálfað og hjálpað nemendum að eiga góð og örugg lykilorð?

En það er ekki nóg að vera með gott lykilorð ef þú segir öllum frá því. [Hakkarinn Ryan Collins](#) þóttist vera starfa fyrir Apple og Google og sendi konum tölvupósta og í raun gabbaði þær til þess að gefa upp notendanöfn og lykilorð og komst þannig yfir persónulegar myndir þeirra.

Svo þarf að gæta þess að fólk á alnafna/nöfnur. [Hér er frétt](#) um Sóleyju Tómasdóttur nema sem var ruglað saman við borgarfulltrúann Sóleyju. Svo er [Pavel er ekki sama og Pawel](#).

Gúgglaðu sjálfa(n) þig eða sessunaut þinn og skoðaðu hvort þar megi finna einhverjar upplýsingar sem einhver gæti misnotað t.d. mynd að ummæli.



11. Hér er líka hægt að fá hugmyndir að verkefnum.

[Ábendingahappur](#) um ólöglegt og óviðeigandi efni.

[Barnaheill](#). Samtök sem vinna að mannréttindum barna.

[Börn og miðlanotkun](#). Handbók ætluð foreldrum barna á grunnskólaaldri. Í henni er fjallað um sjónarmið sem gott er að hafa í huga í tengslum við miðlanotkun barna og ungmenna.

[Digital Citizenship in schools](#). Ýmsar skilgreiningar.

[Höfundarréttur og Internetið](#). Efni á íslensku um höfundarrétt.

[Höfundarréttur á YouTube](#)

[Námsefni](#) um netöryggi frá SAFT.

[Náum áttum](#) er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna.

[Neteinelti.is](#) Á þessum vef og í stuttmyndinni sem honum fylgir er fjallað um neteinelti; forvarnir, viðbrögð og afleiðingar þess.

[Netöryggi.is](#) er vefur á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar. Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður almenningi.

[Með eigin tæki \(MET\)](#) Upplýsingavefur.

[SAFT](#). Á þessum vef er að finna heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun barna.

[Snjallskóli.is](#). Ýmsar [greinar](#) um snjalltæki í skólasterfi.

[Stafræn borgaravitund](#). Upplýsingavefur á íslensku.

[Umboðsmaður barna](#). Netnotkun - Lög og reglur.

[Teacher's Guide to Digital Citizenship](#).

[Tölvuöryggi](#). Námsefni fyrir yngsta- og miðstig sem inniheldur fjórar klípusögur (sem eru lesnar) sem tengjast tölvu og netnotkun ásamt gagnvirkum verkefnum sem tengjast þeim.

Ýmsar slóðir um Stafræna borgaravitund:

<https://www.pinterest.com/sighaukur/stafr%C3%A6n-borgaravitund/>

[10 Essential Questions for Teaching Global Digital Citizenship](#). Að kenna stafræna borgaravitund er að spyrja réttu spurninganna.

